

Samkomulag um áframhaldandi ráðningu starfsmanns kirkjuþings.

Kirkjuþing 2018 samþykkti samhljóða eftirfarandi samkomulag forseta kirkjuþings og biskups Íslands:

Forseti kirkjuþings og biskup Íslands hafa orðið ásátt um að biskupsstofa ráði núverandi lögfræðing kirkjuþings til starfa a.m.k. fram að næsta reglulega kirkjuþingi haustið 2019. Ekki síst er mikilvægt að hafa í huga að auk umfangsmikilla starfa fyrir forseta kirkjuþings og forsætisnefnd og eftir atvikum nefndir kirkjuþings er ljóst að niðurstöður viðræðna kirkju og ríkis munu kalla á meiri þörf á lögfræðisþjónustu og sérfræðisþekkingu sem lögfræðingur okkar ræður yfir. Í þessu ljósi dregur forsætisnefnd tillögu sína í 31. máli til baka. Forseti er verkstjóri yfir þessum vinnukrafti og hefur forgang að hans störfum og samninganefndin líka.